



Reykjavík, 26. apríl 2024

Norðlingabraut 16 – Fyrirspurn um breytingu á notkun lóðar– USK24030209

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn Ívars Haukssonar, dags. 14. mars 2024, um breytingu á notkun lóðarinnar nr. 16 við Norðlingabraut úr atvinnu- og þjónustulóð í íbúðalóð, samkvæmt tillögu Arkþing-Nordic, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Tillaga að uppbyggingu

Skipulag í gildi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin með skilgreinda landnotkun atvinnusvæði. Í gildi er deiliskipulagið Norðlingaholt samþykkt í borgarráði dags 11. apríl 2003 með síðari breytingum.

Umsögn

Samkvæmt Aðalskipulagi er lóðin á atvinnusvæði Norðlingaholts. Þar er fyrst og fremst heimilaður léttur iðnaður, sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæði, umboðs- og heildverslanir, skrifstofur tengdar umræddri starfsemi, þjónusta og rýmifrek verslun, svo sem bílasölur. Hægt er að nálgast frekari útskýringar í kafla 7 í greinargerð Aðalskipulags Reykjavíkur.

Breytingar á atvinnu- og þjónustulóð í íbúðalóð þarf að meta í hverju tilfalli fyrir sig hvað varðar skipulagslegar forsendur.

Grunnskólinn í hverfinu er þéttsetinn og mikilvægt er að halda í fjölbreytni til að auka blöndun byggðar. Með blandaðri byggð er dregið almennt úr vegalengdum, samgöngukostnaði og umhverfisáhrifum samgangna og auðveldar er að stuðla að breyttum ferðavenjum. Erindið samræmist ekki Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Niðurstaða

Neikvætt samræmist ekki Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri